



515. fundur stjórnar SASS
haldinn að Austurvegi 56 á Selfossi
föstudaginn 16. desember 2016, kl. 12:00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Níelsdóttir, Lilja Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Eva Björk Harðardóttir og Sæmundur Helgason. Páll Marvin Jónsson tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Sandra Dís Hafþórsdóttir og Eggert Valur Guðmundsson forfölluðust og í þeirra stað komu Helgi Kjartansson og Arna Ír Gunnarsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar.

1. Fundargerð

Fundargerð 514. fundar undirrituð.

2. Fjárlagafrumvarp 2017

Formaður kynnti fjárlagafrumvarpið 2017.

Stjórn SASS hvetur þingmenn til að tryggja verði við afgreiðslu fjárlaga að nægjanlegt fjármagn fái til að standa undir rekstri grunnþjónustu á Suðurlandi vegna fjölgunar íbúa og ferðamanna. Af því tilefni er sérstaklega bent á heilbrigðis- og velferðarþjónustu, löggæslu og samgöngur.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir fjárframlögum til ART verkefnisins sem kostar á ársgrundvelli 30 m.kr. Stjórn SASS telur nauðsynlegt að úr þessu verði bætt.

Stjórn SASS leggur ríka áherslu á að Alþingi hlutist til um að Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi og Háskólafélags Suðurlands (HfSu) fái viðbótarfjárveitingu á fjárlögum 2017 líkt og verið hefur síðustu ár en um eru að ræða 10 m.kr. til Fræðslunetsins og 5 m.kr. til HfSu.

Árið 2013 voru byggð upp námsver í Kötlusetri í Vík og í Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri. Árið 2014 bættist Sveitarfélagið Hornafjörður við starfssvæði félaganna. Efling menntunar á miðsvæðinu hefur verið eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands og tímabundnar fjárveitingar á fjárlögum hafa fjármagnað þessa þjónustu í Skaftafellssýslunum.

Starfshópur um eflingu byggðar og atvinnulífs á svæðinu milli Markarfljóts og Örefa sem forsætisráðherra skipaði fyrir í haust lagði m.a. til að umræddar tímabundnar fjárveitingar félaganna verði gerðar varanlegar.

Stjórn SASS tekur undir með starfshópnum og skorar á fjárlaganefnd að taka af skarið og samþykkja þessar tillögur og koma þannig þessari mikilvægu nærþjónustu Skaftafellinga á varanlegan grundvöll.

Stjórn SASS lýsir yfir vonbrigðum með að samkvæmt frumvarpi til fjárlaga ársins 2017 séu lögð niður fjárframlög til eflingar löggæslu í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi. Um er að ræða lækkun sem nemur ríflega 10% heildar fjárheimilda lögreglunnar á Suðurlandi eða um 102 m.kr. Umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi er mjög víðfermt. Þar eru vinsælustu ferðamannastaðir landsins í byggð og óbyggð. Fjárheimildir fyrri ára byggja á fjölgun ferðamanna og verulega aukinnar umferðar. Þegar litið er til umferðabunga og fjölgunar slysa er þessi niðurstaða með öllu óásættanleg enda skerðist verulega hvorutveggja, öryggi íbúa landshlutans og annarra vegfarenda.

Stjórn SASS mælir eindregið með að við meðför frumvarpsins á Alþingi verði bætt úr ofangreindum vanköntum.

3. Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands

Erindi hefur borist frá Fræðslunetinu um að samtökin styrki Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands til næstu fimm ára líkt og gert hefur verið síðustu fimm ár. Árlegur styrkur samtakanna hefur numið kr. 250.000.- Erindið var samþykkt samhljóða.

4. Menntaverðlaun Suðurlands - reglur

Tillaga að nýjum reglum vegna Menntaverðlauna Suðurlands lá fyrir fundinum en þær eru svohljóðandi:

„Árlega verða veitt verðlaun fyrir framúrskarandi framlag á sviði menntunar á Suðurlandi sem um leið verði hvatning til frekari dáða. Allir þeir sem koma að skólastarfi með einhverjum hætti geta fengið verðlaunin; grunnskólar, leikskólar, framhaldsskólar, símenntunarmiðstöðvar, háskólastofnanir, kennarar, einstaklingar eða hópar, skólaskrifstofur, sveitarfélög/skólanefndir, foreldrafélög o.fl.

Veitt verða peningaverðlaun sem nýtt verði til áframhaldandi menntunarstarfs. Jafnframt fylgi verðlaununum formleg viðurkenning, verðlaunagripur og/eða viðurkenningarskjal.

Verðlaunin verði afhent við formlega athöfn að viðstöddum gestum og fulltrúum fjölmiðla. Miðað skal við að verðlaunin verði veitt í janúar ár hvert í tengslum við hátíðarfund Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands.

Stjórn SASS skipar þriggja manna úthlutunarnefnd sem velur úr tilnefningum og úthlutar verðlaununum.

Auglýst skal eftir tilnefningum til verðlaunanna í nóvember og desember ár hvert. Rétt til að tilnefna til verðlaunanna eiga allir þeir sem tengjast skóla- og menntunarstarfi með einhverjum hætti. Tilnefningum skal fylgja ítarlegur rökstuðningur.“

Stjórn SASS samþykkir breytingarnar samhljóma.

5. Almenningsamgöngur – gjaldskrárbreyting

Framkvæmdastjóri átti fund með framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna þar sem farið var yfir stöðuna. Ljóst er að fyrirhuguð breyting kemur misjafnlega við sveitarfélögin og þó sérstaklega illa við þau þar sem fjarlægð er meiri. Niðurstaða fundarins var að kalla eftir greinarbetri farþegaupplýsingum frá Strætó áður en breytingunni er hrundið í framkvæmd.

Gjaldskrárbreyting Strætó tekur gildi um áramótin og nemur hækkunin á bilinu 4,2 – 4,8%.

6. Skipan verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands

Formaður lagði til að eftirtaldir yrðu skipaðir í verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands fyrir komandi ár: Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður, Páll Marvin Jónsson, Runólfur Sigursveinsson, Bryndís Björk Hólmarsdóttir og Sveinn A. Sæland.

7. Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu**a) ART verkefnið**

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu verkefnisins. Líkt og fram kemur undir dagskrárlið 2 hér að ofan er ekki gert ráð fyrir verkefninu í frumvarpi að fjárlögum 2017. Stjórn SASS áréttar nauðsyn ART verkefnisins og hvetur félags- og húsnæðismálaráðherra til að ganga strax frá nýjum samningi um ART verkefnið og að gildistími hans sé til fimm ára þannig að hægt verði að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni.

b) Sóknaráætlun Suðurlands

Formaður sagði frá fundi sem nýlega var haldinn með stýrihóp stjórnarráðsins um byggðamál og fulltrúum samtakanna. Til umræðu var staða og framtíð sóknaráætlana. Skiptust fundarmenn á viðhorfum til verkefnisins og almennt er jákvæð afstaða til þess.

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður fundar verkefnastjórnar Sóknaráætlunar. Samþykkt að auglýsa eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands á næsta ári með umsóknarfrest í fyrri úthlutun til og með 14. mars og í síðari úthlutun til og með 16. október nk.

Verkefnastjórn leggur til við stjórn að eftirfarandi tvö áhersluverkefni, að fjárhæð 9,8 m.kr., verði staðfest:

- Rannsókn á viðhorfum íbúa gagnvart ferðamönnum á Suðurlandi; 6,8 m.kr.
- Skaftárhreppur til framtíðar (Brothætt byggð í Skaftárhreppi); 3 m.kr.

Stjórn staðfesti framgreindar tillögur verkefnastjórnar.

Verkefnastjórn leggur til að auglýst verði eftir innsendum tillögum að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar fyrir árið 2017 í upphafi næsta árs. Að þessu sinni verði sérstök áhersla verði lögð á menningarverkefni.

c) Erindi frá Minjastofnun

Staða minjavarðar á Suðurlandi. Stjórn SASS hvetur mennta- og menningarmálaráðherra til að beita sér fyrir ráðningu annars minjavarðar á Suðurlandi. Landshlutinn er stór og einn minjavörður getur engan veginn einn sinnt verkefninu. Minnt er á að þessi tillaga er í samræmi við stefnu og ítrekaðar óskir Minjastofnunar. Stjórn SASS skorar á þingmenn Suðurkjördæmis að fylgja þessu máli fast eftir.

d) Framlög frá Byggðastofnun til atvinnuráðgjafar

Samkvæmt framkomnu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017 kemur í hlut Suðurlands til atvinnuráðgjafar kr. 28.334.000.- Framlagið árið 2016 var kr. 26.083.200.- þannig að framlagið hækkar um 8,6% á milli ára.

e) Ísland ljóstengt 2017

Minnt er á bréf Fjarskiptasjóðs tengt verkefninu Ísland ljóstengt 2017 en umsóknarfrestur í A-hluta verkefnisins er til 11. janúar nk. kl. 13:00. Til uppbyggingar á Suðurlandi verður úthlutað 140 m.kr.

f) Rafpóstur frá Orkusölnni

Vel var tekið í erindi Íslenskrar Nýorku, Orkuseturs og Grænnar orku um að halda fundi á Suðurlandi. Lagt var til að þrjú fundir yrðu haldnir í landshlutanum. Framkvæmdastjóra falið að kynna þessa niðurstöðu.

g) Merkingar og vöktun á fuglum á Suðurlandi

Stjórn SASS tekur undir mikilvægi merkingar og vöktunar á fuglum á Suðurlandi. Nauðsynlegt er að fundinn verði farvegur til að fjármagna rekstur Fuglaathuganastöðvar Suðausturlands og að náttúrustofur á Suður- og Suðausturlandi fái fjármagn fyrir stöðugildi í tengslum við verkefnið. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu og benda þeim á mögulegar útfærslur.

h) Starfsáætlun stjórnar SASS

Starfsáætlun stjórnar SASS lögð fram til staðfestingar.

i) Húsnæðismál á Suðurlandi

Skýrsla Guðrúnar Ásdísar Sturlaugsdóttur, ráðgjafa hjá Nýheimum, um Húsnæðismál á Suðurlandi lögð fram til kynningar. Stjórn þakkar fyrir skýrsluna.

Næsti fundur verður haldinn á skrifstofu Bláskógabyggðar í Reykholti föstudaginn 3. febrúar nk. kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 14:15.

Gunnar Þorgeirsson
Lilja Einarsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Eva Björk Harðardóttir
Sæmundur Helgason



Anna Björg Níelsdóttir

Páll Marvin Jónsson

Helgi Kjartansson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Bjarni Guðmundsson